

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 151/2009

frá 4. desember 2009

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2009 frá 22. október 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 250/2009 frá 11. mars 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 að því er varðar skilgreiningar á könnunaratriðum, tæknilegt snið gagnasendinga, kröfur um tvöfalda skýrslugjöf fyrir atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, endursk. 1.1, og atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk., og undanþágur sem ber að veita vegna hagskýrslna um skipulag fyrirtækja ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 251/2009 frá 11. mars 2009 um framkvæmd og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 að því er varðar gagnaraðir sem taka skal saman fyrir hagskýrslur um skipulag fyrirtækja og nauðsynlega aðlögun eftir endurskoðun á vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA) ⁽³⁾.
- 4) Reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2700/98 ⁽⁴⁾ og 2702/98 ⁽⁵⁾, sem hafa verið felldar inn í samninginn, falla úr gildi samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 250/2009, en ákvæði þeirra gilda þó áfram að því er varðar söfnun, samantekt og afhendingu gagna fyrir viðmiðunarár allt fram til 2007, að því ári meðtöldu.
- 5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2701/98 ⁽⁶⁾, sem hefur verið felld inn í samninginn, fellur úr gildi samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 251/2009, en ákvæði hennar gilda þó áfram að því er varðar gagnaraðir sem afhenda ber vegna viðmiðunarára allt fram til 2007, að því ári meðtöldu.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

l. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 334, 17.12.2009, bls. 15, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 68, 17.12.2009, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 86, 31.3.2009, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 86, 31.3.2009, bls. 170.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 344, 18.12.1998, bls. 49.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 344, 18.12.1998, bls. 102.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 344, 18.12.1998, bls. 81.

1. Eftirfarandi bætist við í 1. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008):
„eins og henni var breytt með:
 - **32009 R 0251**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 251/2009 frá 11. mars 2009 (Stjtið. ESB L 86, 31.3.2009, bls. 170).“

2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 1j (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1670/2003):
 - „1k. **32009 R 0250**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 250/2009 frá 11. mars 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 að því er varðar skilgreiningar á könnunatriðum, tæknilegt snið gagnasendinga, kröfur um tvöfalda skýrslugjöf fyrir atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, endursk. 1.1, og atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk., og undanþágur sem ber að veita vegna hagskýrslna um skipulag fyrirtækja (Stjtið. ESB L 86, 31.3.2009, bls. 1).

 - 1l. **32009 R 0251**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 251/2009 frá 11. mars 2009 um framkvæmd og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 að því er varðar gagnaraðir sem taka skal saman fyrir hagskýrslur um skipulag fyrirtækja og nauðsynlega aðlögun eftir endurskoðun á vörflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA) (Stjtið. ESB L 86, 31.3.2009, bls. 170).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Stjórnvöld í Liechtenstein þurfa ekki að taka saman gögn í gagnaraðirnar 9C og 9D samkvæmt ákvæðum I. viðauka. Stjórnvöld í Liechtenstein skulu aðeins afhenda gögn, sem sýna sundirlíðun atvinnugreina, í samræmi við atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, endursk. 2, tveggja tölustafa þrep.“

3. Eftirfarandi aðlögunarákvæði bætist við í lið 1a (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2700/98) og lið 1c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2702/98):
„Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Reglugerð þessi er fallin úr gildi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 250/2009. Ákvæði hennar gilda þó áfram að því er varðar söfnun, samantekt og afhendingu gagna fyrir viðmiðunarár allt fram til 2007, að því ári meðtöldu.“

4. Eftirfarandi aðlögunarákvæði bætist við í lið 1b (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2701/98):
„Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Reglugerð þessi er fallin úr gildi í samræmi við ákvæði 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 251/2009. Ákvæði hennar gilda þó áfram að því er varðar gagnaraðir sem afhenda ber vegna viðmiðunarára allt fram til 2007, að því ári meðtöldu.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 250/2009 og 251/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. desember 2009, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. desember 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.